

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Auðar Guðmundsdóttur og foreldra hennar, Guðmund Guðmundsson og Katrínu Jónasdóttur og foreldra Jóhannesar Jóhannessonar þeirra Jóhannesar Stígssonar og Helgu Hróbjartsdóttur.

1. gr.

Nafn, heimili og varnarþing sjóðsins.

Sjóðurinn er stofnaður af Jóhnesi Jóhannessyni eiginmanni Auðar. Kennitala hans er 280733-2969. Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Auðar Guðmundsdóttur og foreldra hennar, Guðmund Guðmundsson og Katrínu Jónasdóttur og foreldra Jóhannesar Jóhannessonar þeirra Jóhannesar Stígssonar og Helgu Hróbjartsdóttur. Lögheimili og varnarþing sjóðsins skal vera í Reykjavík eða á sama stað og formaður sjóðstjórnar býr hverju sinni.

2. gr.

Tilgangur og markmið sjóðsins.

Tilgangur og markmið sjóðsins er að styðja fjárhagslega við bakið á börnum í Rangárþingi eystra og Mýrdalshreppi, sem stunda nám í framhaldsskólum landsins, og misst hafa foreldra sína, annað eða bæði. Þó má breyta útaf þessari reglu við álíka aðstæður sem eru sambærilegar markmiði sjóðsins.

3. gr.

Tekjur sjóðsins.

Stofnframlag sjóðsins er kr. 1.500.000 og er það greitt af Jóhnesi Jóhannessyni, kt. 280733-2969, við stofnun hans. Aðrar tekjur sjóðsins eru umfram allt vextir af stofnframlaginu og sala á minningarkortum sem stjórnin stendur fyrir svo og síðari framlög stofnandans og annarra aðila. Til sjóðsins skal einnig renna 1% af eignum Jóhannesar Jóhannessonar við fráfall hans. Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um ávöxtun eigna og tekna á sem bestan hátt hverju sinni. Aðeins formaður stjórnar hefur prókúruumboð.

4. gr.

Úthlutanir styrkja.

Úthlutanir styrkja úr sjóðnum eru á hendi stjórnar hans og skulu þeir veittir að undangenginni almennri skoðun stjórnar á fyrirliggjandi umsóknum um styrk með hliðsjón af tilgangi sjóðsins. Með styrkveitingu má aldrei skerða upphaflegan höfuðstól sjóðsins um meira en 25%.

5. gr.

Stjórn, rekstur og ráðstöfun fjármuna.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum til tveggja ára í senn. Einn af stjórnarmönnum skal vera úr Mýrdalshreppi, annar úr Rangárþingi eystra og sá þriðji úr fjölskyldu Jóhannesar og Auðar og skal hann vera formaður stjórnar. Formaður boðar til stjórnarfunda og ákveður fundarstað. Heimilt er að endurkjósa stjórnarmann eftir að kjörtímabili hans lýkur. Stjórnarstörfín eru ólaunuð. Stjórn sjóðsins afgreiðir umsóknir, tekur ákvarðanir um úthlutun, sker úr um vafaatriði, metur styrkhæfi umsókna og afgreiðir önnur mál sem upp kunna að koma. Afgreiðslur umsókna í sjóðinn eru trúnaðarmál. Fyrstu stjórn félagsins skipa eftirtaldir aðilar:

Hávarður Finnbogason, kt. 230962-2009.

Hróbjartur Vigfússon, kt. 050943-4889.

Helga Sigurðardóttir, kt. 010451-4269.

6. gr.

Reikningar og endurskoðun.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Gerð ársreiknings skal lokið eigi síðar en 1. maí árið á eftir. Skal þá halda stjórnarfund og staðfesta hann. Fyrsta reikningsár sjóðsins er 2019. Gerð ársreiknings

skal vera í höndum stjórnar sjóðsins. Réttmæti hans skal þó jafnan staðfest af óháðum skoðunarmanni sem kosinn skal af stjórn til tveggja ára í senn.

7. gr.
Annað.

Styrkveitingar úr sjóðnum eru ávallt háðar ákvörðun stjórnar sjóðsins. Fjárhagur og staða sjóðsins ræður úthlutunum á hverjum tíma. Greiðsluskylda getur aldrei stofnast umfram innstæðu í sjóðnum. Stjórn sjóðsins ákveður hámarksupphæð styrkja ár hvert í samræmi við fjárhag og stöðu. Styrkir skulu fyrst veittir úr sjóðnum 25. júlí 2026 en þá hefði Auður Guðmundsdóttur orðið 90 ára.

8. gr.
Slit sjóðsins og breytingar.

Slíta skal sjóðnum og verja eign hans til málefnis sem er tengt markmiði sjóðsins ef höfuðstóll sjóðsins verður helmingurinn af upphaflegu stofnframlagi hans. Sama gildir ef allir stjórnarmenn sjóðsins samþykkja það tvö ár í röð að sjóðurinn fullnægi ekki lengur hlutverki sínu. Breyta má skipulagsskrá þessari ef allir stjórnarmenn leggja það til og samþykkja. Skal slíkt borið undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi upp ágreiningur vegna skipulagsskrár þessarar má reka ágreiningsmálið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

9. gr.
Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, 21. júní 2019.

Bjarni Stefánsson.

Auður Steingrimsdóttir.